

Fréttabréf



20 ára afmæli

Metfjöldi nýsveina

Skólameistarinn lék á fiðlu

Lærði múrverk í skugga áfalla

Höfðinglegar móttökur á Bessastöðum

TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmannanámskeið verður haldið á Stórhöfða 31 í febrúar á næsta ári. Við hvetjum félagsmenn til að kjósa trúnaðarmann á sínum vinnustað og láta FIT í kjölfarið vita um niðurstöðu kjörsins. Trúnaðarmanni verður í kjölfarið boðið á námskeið, að undangenginni staðfestingu á kosningu. Fyrirspurnir og tilkynningar um trúnaðarmenn skal senda á fit@fit.is.

FIT DAGATAL

Hægt verður að nálgast FIT dagatal fyrir næstu áramót á skrifstofum félagsins á eftirfarandi stöðum: FIT Stórhöfða 31, Reykjavík, Kirkjubraut 40, Akranesi, Austurvegi 56, Árborg, Strandvegi 54, Vestmannaeyjum og Krossmóa 4, Reykjanesbæ. Einnig er hægt að senda tölvupóst á fit@fit.is og panta dagatal. Við munum síðan senda dagatalið, hvert á land sem er.



IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í IDUNNI, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis. IDAN veitir náms- og starfsráðgjöf og umsýslu með námssamningum og sveinsprófum. Verð á námskeið IDUNNAR eru tvenns konar. Félagsmenn sem greitt er af í endurmenntunarsjóð, af atvinnurekanda, greiða lægra gjald þar sem búið er að niðurgreiða þau námskeið fyrir félagsmenn. Allar upplýsingar um námsframboð og fleira er að finna á heimasíðu IDunnar. idan.is.



BRIDGE

Frá því í haust hafa bridge-menn verið að hittast og spila. Áfram verður haldið eftir áramót og verður spilað annan hvern fimmtudag fram til vors. Spilað er í sal félaganna að Stórhöfða 31 og er þátttaka ókeypis. Nánari uppl. veitir Snorri Eiríksson; snorri@bygg.is.

VEIÐIKORTIÐ 2024

Veðið kortið fyrir 2024 kemur í sölu í desember eins og undanfarin ár. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að veiði vítt og breitt um landið. Almenn útsöluverð er kr. 9.900 en kr. 6.000 fyrir félagsmenn FIT. Hver félagsmaður getur keypt eitt veiðikort. Glæsileg handbók fylgir hverju seldu korti þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn. Börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd korthafa. Kortið er ekki skráð á nafn þannig að auðvelt er að nota það í gjafir og er það tilvalin jólagjöf fyrir veiðiáhugafólk. Kortið verður til sölu á orlofssíðu FIT og á skrifstofunni.



FIT ER Á FACEBOOK

Líkaðu við Facebook-síðu FIT. Við minnum á að allar fréttir af fit.is birtast jafnóðum á Facebook-síðu félagsins. Þar á meðal allar tilkynningar um laus orlofshús en laus hús eru auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun. Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

MINNUM Á SÍMANÚMER FIT 535-6000

Hamfarir og kjaramál



Hilmar Harðarson
formaður

Náttúruhamfarirnar í Grindavík eru rækileg áminning um að náttúran fer sínu fram, óháð því hvað klukkan slær í samfélaginu okkar. Hálf öld er liðin frá því ríflega 5.000 manns þurftu að flýja heimili sín í ofvæni vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Að þessu sinni þurftu um 4.000 þúsund manns að yfirgefa heimabæinn sinn. Þrátt fyrir að eldgos sé ekki hafið, þegar þetta er skrifað, er framkvæmd og úrvinnsla þessa verkefnis ákveðinn prófsteinninn á íslenskt samfélag. Við þurfum öll að leggjast á árarar þegar á bátinn gefur.

FIT hefur, eins og fleiri stéttarfélög, lagt Grindvíkingum lið eftir fremsta megni. Eins og fjallað er um í þessu blaði hefur félagið rýmt orlofseignir svo hýsa megi Grindvíkinga á meðan þeir þurfa á að halda. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka félagsfólki, sem gaf eftir bókanir sínar, fyrir að sýna þessum aðstæðum skilning. Um leið og við vonum að vel fari um Grindvíkinga í húsunum okkar bindum við jafnframt vonir við að fólkið komist sem fyrst til síns heima, þeirra vegna.

Ögurstund í efnahagslífinu

Það eru ekki bara náttúruhamfarir sem steðja að Íslendingum. Við stöndum á ákveðnum krossgötum þegar kemur að efnahagslífinu og skiptingu gæða í okkar samfélagi. Í byrjun september hafði verðbólgan gleypst þær launahækkunarir sem um var samið í upphafi ársins. Ljóst er að verðlag á Íslandi hefur hækkað langt umfram laun og kaupmáttur hefur dregist saman. Hinu opinbera; ríkinu, sveitarfélögum hefur mistekist það hlutverk sitt að halda aftur af verðhækkunum. Þetta eru aðilar sem hefðu þurft að ganga á undan með góðu fordæmi, til að vinna gegna verðbólgunni. Það er sérstaklega sláandi að sveitarfélögin, sem veita grunnþjónustu í samfélaginu, skuli ekki hafa haldið aftur af hækkunum sínum.

Loks hafa ýmis stórfyrirtæki, sem skilað hafa miklum hagnaði undanfarin ár, hækkað verð úr hófi. Gífurlegar hækkunarir hafa þannig til dæmis orðið á matvælavæðum, eins og verðlagseftirlit ASÍ benti á í haust. Þeir aðilar sem hér hafa verið taldir upp geta ekki lengur skýlt sér á bak við þá skýringu að verðbólgan sé að stærstum hluta launahækkunum að kenna. Þeir þurfa að líta í eigin barm.

Loks má nefna að eina meðal Seðlabanka Íslands, hækkun stýrivaxta, hefur reynst dýrkeypt. Mjög hefur þrengt að heimilunum og greiðslubyrði lána hefur farið upp úr öllu valdi. Á komandi ári munu fastir vextir losna hjá fjöldanum öllum af heimilum. Snjóhengjan mun falla með miklum þunga, ofan á allt annað.

Það er hlutverk okkar sem senn setjumst við samningaborðið að bæta félagsfólki upp þann kaupmátt sem það hefur glatað. Við verðum að standa vörð um líf skjör okkar fólks og sjá til þess að það búi við mannsæmandi kjör. Til að það megi verða þurfa allir að taka þátt. Fyrirtækin í landinu og hið opinbera þarf að axla ábyrgð á gjörðum sínum.

Samtalið við SA

Samtal Samiðnar við Samtök atvinnulífsins hefur að mörgu leyti gengið vel þrátt fyrir að kjarasamningsviðræður séu ekki hafnar. Aðilar hafa fundað í á annan tug skipta um þær bókanir sem gerðar voru við síðasta kjarasamning. Viðfangsefni fundanna hefur þannig að mestu verið vinna við verkáætlun sem er hluti af nágildandi kjarasamningi. Fjallað hefur verið um starfsmannaleigur, aðkomu atvinnulífsins að vinnustaðaeftirliti og keðjuábyrgð, svo eitthvað sé nefnt. Menntamál og málefni iðnnema hafa einnig verið til umfjöllunar, enda er ótækt að fleiri hundruð manna sé synjað um inngöngu í iðnnám á hverju hausti á sama tíma og hér bráðvantar menntað iðnfólk. Þarna þurfa stjórnvöld að gera miklu betur.

Ýmis atriði sem varða stólaleigu í snyrtifræði og hárgreiðslu hafa einnig verið rædd á þessum fundum.

Hafið þökk fyrir

Þrátt fyrir allar þessar áskoranir er ekki annað hægt en að færa þátttakendum í kjarakönnun félagsins þakki. Þátttaka í könnuninni var mjög góð en könnunin var gerð til að fylgjast með þróun mála hjá félagsfólki; til dæmis til að kanna hvort umsamdar launahækkunarir skiluðu sér. Þessi góða þátttaka er til marks um áhuga félagsfólks og sterka stöðu okkar stóra félags, enda sýndu niðurstöðurnar okkur að það er baráttuhugur í okkar fólki.

Ég vil líka nota þetta tækifæri og þakka því félagsfólki sem mætti á félags- og faggreinafundum FIT núna í haust. Beint samtal veitir mér bæði dýrmæta innsýn í hugðarefni félagsfólks og innblástur til að vinna áfram að bættum hag félagsfólks FIT.

Þrátt fyrir að krefjandi verkefni hafi rekið á fjörur félagsins á 20 ára afmælisári þess verður ekki annað sagt en að framtíð þess sé björt. Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að fylgjast með unga fólkinu okkar í ár, hvort sem við horfum til Íslandsmóts iðn- og verkgreina sem haldið var í Laugardalshöll, árangurs Íslands á Evrópumóti iðngreina eða þessara fjölmennu athafna þegar við höfum afhent fólki framtíðarinnar sveinsbréfin sín. IDAN fræðslusetur hefur afhent 658 sveinsbréf á árinu. Það er 23% fjölgun frá því í fyrra og 38% fjölgun miðað við 2020.

Um allt þetta og miklu fleira er fjallað í þessu blaði.

Orlofshús FIT boðin Grindvíkingum



Félag iðn- og tæknigreina hefur ákveðið að rýma orlofseignir félagsins í Svignaskarði og Ölfusborgum í óákveðinn tíma. Lokað hefur verið fyrir bókanir húsa félagsins á þessum stöðum auk þess sem þær bókanir sem þegar hafa verið gerðar verða afbókaðar.

Eins og kunnugt hafa Grindvíkingar þurft að yfirgefa heimili sín vegna náttúruhamfara. Óvíst er hvenær neyðarstigi Almanna- og tæknigreina verður aflétt og hvort eða hvenær Grindvíkingar geta snúið aftur heim. Þessi aðgerð hefur verið í undirbúningi síðustu daga en formaður FIT hefur meðal annars fundað með Almanna- og tæknigreina í því skyni. Orlofshúsin verða nýtt til að skjóta skjólshúsi yfir Grindvíkinga, eins og þörf krefur. FIT fer þess á leit við félagsmenn að þeir sýni þessum aðstæðum umburðarlyndi og skilning. Hugur okkur allra er hjá Grindvíkingum.

Desemberuppbót 2023

Desemberuppbótin á almennum markaði, að meðtöldu orlofi, er **103.000 krónur** og skal greiddast í síðasta lagi **15. desember** miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Starfsmenn sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember eiga rétt á desemberuppbót.

Starfsmenn í ákvæðisvinnu fá greidda desemberuppbót líkt og aðrir.

Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi telst sem starfstími við útreikning desemberuppbótar. Iðnnemar í fullu starfi hjá fyrirtæki á námstíma fá fulla desemberuppbót. Fullt starf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Desemberuppbót ólíkra samninga:

Almenn desemberuppbót*: 103.000 kr.
Landsvirkjun: 149.400 kr.
Orkuveita Reykjavíkur: 119.700 kr.
Samband íslenskra sveitarfélaga: 130.900 kr.
Reykjavíkurborg: 115.000 kr.
Kirkjugarðar Reykjavíkur: 109.100 kr.
Strætó: 115.000 kr.

***Almenn desemberuppbót gildir fyrir kjarasamninga við eftirtalda aðila:** Samtök atvinnulífsins, Bílgreina-sambandið, Félag pípulagningameistara, Félag ráðgjafa-verkfæðinga, Meistarasamband byggingamanna, Ríkið, Snrytifræðinga og Samband garðyrkjubænda.



Aðalfundur

Aðalfundur FIT var haldinn 18. mars. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf; skýrsla stjórnar var lögð fram og reikningar ræddir og afgreiddir. Ákvarðanir voru teknar um ávöxtun sjóða félagsins og kjöri til stjórnar lýst, svo eitthvað sé nefnt.

Á fundinum gerði Hilmar Harðarson formaður félagsins, sem kjörinn var til áframhaldandi formennsku, upp síðasta ár en óhætt er að segja að spennandi en jafnframt krefjandi tímar séu framundan hjá félaginu.

Meðfylgjandi myndir voru teknar á fundinum.





Höfðinglegar móttökur á Bessastöðum

Óhætt er að segja að gleði hafi skinið úr hverju andliti þegar þátttakendur Íslands á Euroskills, þjálfarar þeirra og aðstandendur, þáðu heimboð forseta Íslands á Bessastöðum 21. september.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hefur í embætti sínu sýnt iðngreinum mikinn stuðning. Á því var engin undantekning að þessu sinni. Hann flutti kraftmikla ræðu um mikilvægi þessara starfa í samfélaginu og þann frábæra árangur sem fulltrúar Íslands náðu á Euroskills í Gdansk í haust. Loks afhenti hann þátttakendum og þjálfurum viðurkenningarskjöl fyrir framlag sitt og árangur. Fjórir þátttakendur voru verðlaunaðir sérstaklega fyrir árangur sinn á mótinu.

Veðrið sýndi sínar allra bestu hliðar þegar móttakan á Bessastöðum fór fram. Rúnar Hreinsson ljósmyndari tók fjölmargar fallegar myndir af því sem fram fór en óhætt er að hvetja fólk til að skoða þær, sem og aðrar myndir úr starfi félagsins, í líflegu myndasafni á heimasíðu FIT.

Eins og áður hefur komið fram náðu fulltrúar FIT frábærum árangri á Euroskills. Félagið óskar þátttakendum, þjálfurum og aðstandendum keppenda innilega til hamingju.



„Ég mun aldrei hætta að læra“

„Það var mjög auðmýkjandi upplifun að sjá hvað margir af hinum keppendum eru færir,“ segir Írena Fönn Clemmensen, félagsmaður í FIT, sem náði bestum árangri íslenskra keppenda á Euroskills, Evrópumóti iðngreina, sem fram fór í Gdansk í Póllandi í byrjum september.

Írena vann sér þátttökurétt með því að verða Íslandsmeistari á Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem fram fór í Laugardalshöll í vor. Hún segir í samtali við FIT að fyrrverandi kennarinn sinn úr Verkenntaskólanum á Austurlandi hafi hvatt hana til að taka þátt á meðan hún var í námi. Þá hafði hún ekki tíma. Írena lauk námi 2020 og útskrifaðist með sveinspróf 2022, eftir að hafa verið á samningi hjá Adell á Akureyri og svo í Ungverjalandi. Þegar hún hitti gamla kennarann sinn á námskeiði síðastliðið haust hafi Íslandsmótið komið aftur til tals. „Ég var ekki orðin 25 ára í vor, sem er aldurstakmarkið, svo ég hugsaði að þetta gæti bara orðið gaman.“

Bjó sig vel undir Íslandsmótið

Hún segist hafa æft sig vel fyrir mótið á Adell, þar sem hún vann á þessum tíma. „Ég fór samt í raun ekki á mótið til að vinna. Ég ætlaði bara að prufa þetta upp á gamanið.“ Hún segist hafa verið eini þátttakandinn á mótinu sem ekki var af suðvesturhorninu svo hún hafi verið svolítið út af fyrir sig – og án kennara.

Keppnin gekk hins vegar vel. „Ég man svo vel þegar nafnið mitt var lesið upp þegar úrslitin voru kynnt,“ segir Írena um stundina þegar henni varð ljóst að hún hafði unnið. Önnur stúlka bar svipað nafn og hún var fyrst ekki viss um hvor þeirra hefði unnið. „Þetta kom mér svo mikið á óvart,“ segir hún þegar hún rifjar þetta upp.

Hörð samkeppni

Írenu gafst mjög lítil tími til undirbúnings fyrir Euroskills. Hún dvaldi á Ítalíu í sumar og hitti ítalskan expert (leiðbeinanda) í tvo daga þar. Hún kom svo heim í tvær vikur, rétt fyrir mótið, til undirbúnings. Henni til halds og traust voru Sigurlaug Ingvarsdóttir (sem var hennar aðal expert) og Harpa Birgisdóttir úr VMA. Þær fóru með henni út. „Við Íslendingar erum svo nýir í þessu. Fólkið sem ég var að keppa við hafði æft sig af kappi í tvö til fimm ár. Sú sem vann háriðina æfði sig í fimm ár fyrir þetta mót,“ segir Írena sem lenti í 8. sæti af 21 keppanda.

Hún segist hafa farið út full sjálfstrausts en hún hafi fljótlega séð hversu mikið af góðu fagfólki hafi þarna verið saman komið. „Þegar maður fer út heldur maður að maður viti allt og sé bestur. Það er búið að peppa mann þannig upp,“ segir hún og hlær. „En svo sér maður fulltrúa hinna landanna – allt þetta frábæra fagfólk – og þá fyllist maður auðmýkt á stundinni.“

Írena viðurkennir að það hafi verið stressandi að byrja keppnina. Dómararnir hafi verið alveg ofan í keppendum og svo hafi margt fólk staðið hjá og fylgst með hverri hreyfingu. „Það var rosalega stressandi,“ segir hún.



Þrír krefjandi keppnisdagar

Þátttakendur fengu ekki að vita fyrir fram hvaða verkefni þeim yrði falið. Þau hafi haft myndir fyrir framan sig og áttu ýmist að gera alveg eins eða fylgja ákveðnu formi. „Við vorum með þrjá hausa og þrjú módel í þessari keppni. Það var engin uppskrift heldur gat hver og einn leyst verkefnið eins og honum sýndist. Við fengum bara lit og innblástur og áttum að vinna með það.“

Keppnisdagarnir voru þrír. Á fyrsta degi voru verkefnin permanett fyrir herra, skegglipping, herraklipping og litun. Á öðrum degi voru greiðslur í aðahlutverki; brúðargreiðsla, catwalk-greiðsla og svo herraklipping og snyrting á skeggi á lifandi módeli. Á síðasta keppnisdegi áttu þau að lita dömu og klippa. „Þetta voru mjög langir dagar. Við vöknudum klukkan fimm á morgnana og vorum komin upp á herbergi um klukkan 23 á kvöldin. Þetta var mjög krefjandi en virkilega skemmtileg upplifun,“ segir Írena.

Tvenn verðlaun

Óhætt er að segja að Írenu hafi gengið vel að leysa verkefnin. Hún fékk medalíu „Best of nation“ fyrir að hafa náð bestum árangri íslenskra keppenda á Euroskills. Hún fékk einnig verðlaun fyrir framúrskarandi árangur (medal of excellence) fyrir að hafa fengið yfir 700 stig í keppninni. Þau verðlaun fékk hún á Bessastöðum en keppendum Íslands var boðið til móttöku hjá forseta Íslands, eins og fjallað er um hér í blaðinu. Írena segir að það hafi verið mjög ánægjuleg upplifun. „Hann [Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands] var mjög skemmtilegur og það var gaman að geta sagt frá því að maður hafi farið og hitt forsetann,“ segir hún glaðlynd. „Hann var bara eitthvað svo venjulegur,“ rifjar hún upp.

Endlaust hægt að læra

„Það er svo margt sem hægt er að læra í þessu fagi,“ segir Írena þegar hún er spurð hvað hún taki með sér inn í framtíðina eftir þátttöku á Euroskills. Hún segist fyrst og fremst hafa lært að hún eigi mikið ólært. „Við erum stundum svolítið innilokuð hér á Íslandi en þarna úti er endalaust af upplýsingum og nýrri tækni og hugmyndum sem við getum tileinkað okkur. Þessi reynsla hefur gert það að verkum að mig langar að læra enn meira.“

Írena er nýlega flutt suður og er að leita sér að vinnu, þegar þetta er skrifað. Hún lenti í smá umferðaróhappi, daginn sem hún fór á Bessastaði, og meiddist á hægri hönd. Hún er hins vegar á batavegi og stefnir á að byrja að klippa fljótlega. „Ég er búin að fá tilboð um vinnu á hárgreiðslustofu en þangað til ég get byrjað vil ég halda áfram að læra. Ég mun aldrei hætta að læra þetta fag,“ segir hún ákveðin að lokum.

„Eflir mann að fá svona móttökur“

„Ég undirbjó mig vel en ég hefði í raun þurft að undirbúa mig miklu betur,“ segir píparinn Kristófer Daði Kárasón, félagsmaður í FIT og þátttakandi fyrir Íslands hönd í Euroskills, Evrópumóti iðngreina sem fram fór í Póllandi í byrjun september.

Kristófer vann sér þátttökurétt á Euroskills með því að bera sigur úr býtum á Íslandsmóti iðn- og verkgreina í Laugardalshöll 2019. Til stóð að hann færi fyrr út að keppa en COVID-19 setti strik í reikninginn. Fyrir vikið keppir sigurvegari á Íslandsmótinu 2023 á Euroskills á næsta ári.

„Þetta var mikil upplifun,“ segir Kristófer við FIT, þegar hann horfir til baka. Hann segir að keppnin hafi verið afar krefjandi, bæði líkamlega og andlega. Aðeins þremur þátttakendum af fimmtán eða sextán tókst að ljúka við það verkefni sem lagt var fyrir nemendur. „Verkefninu var skipt í fimm hluta. Í fyrsta hluta lögðum við gaslögn sem tengdist hitakerfi, í öðrum hluta keppninnar áttum við að klára hitakerfið og leggja ofn og gólfhitakistu. Í þriðja hluta átti að leggja neysluvatn fyrir heilt baðherbergi ásamt öllum búnaði sem því tengist. Í fjórða hlutanum áttum við að leggja allt frárennsli og setja upp klósett og handlaugarkassa inn í vegg.

Síðasti hlutinn var svo að tengja öll hreinlætistæki og kynna verkefnið. Til að gera þetta allt höfðum við 19 klukkustundir,“ útskýrir Kristófer sem bætir við að varla hafi gefist tími til að nærast. „Þetta varð eiginlega bara keppni í því hver væri fyrstur – þetta var bara of mikið,“ segir Kristófer sem náði ekki að klára frekar en flestir aðrir.

Erfið samkeppni

Hann segir að Pólverjar hafi tekið við keppninni með skömmum fyrirvara en hún átti upphaflega að fara fram í Rússlandi. Vantað hafi upp á undirbúning auk þess sem teikningum og skipulagi hafi verið ábótavant. „Ég var líka að keppa við pípara sem höfðu jafnvel verið á launum í tvö ár til að æfa sig fyrir þetta mót.“ Sjálfur segist hann hafa undirbúið sig eftir því sem hann gat á kvöldin og um helgar.

Þrátt fyrir allt segir hann að keppnin hafi verið ákaflega lærdómsrík. Hann hafi þarna lært ýmislegt, bæði hvað varðar efnisval og vinnubrögð, sem varla þekkist á Íslandi. Sú staðreynd hafi líka gert undirbúninginn enn snúnari. „Erlendis er eiginlega allt efni beygt en hér nota menn „fittings“. Ég lærði að maður getur sparað bæði efni og tíma við að beygja meira. Í raun var flest það sem ég gerði í keppninni eitthvað sem ég hef aldrei séð neinn gera heima. Fyrir vikið var þetta mjög skemmtilegt og lærdómsríkt.“

Sérkennileg keppni

Nemendur fengu einn dag til undirbúnings úti, þar sem þeir kynntu sér teikningar og tóku saman efni, en keppnisdagarnir voru þrír. Gunnar Sigurjónsson var þjálfari (Expert) Kristófers en hann



bendir á að þeir hafi aðeins mátt ræða saman á ensku á meðan keppninni stóð. Gunnar, eins og aðrir expertar, hafi í raun líka verið í dómnefndinni og hlutverk þeirra hafi þannig í keppninni sjálfri snúist um að finna eitthvað að hjá hinum keppendum. Að kljást innbyrðis. Þetta hafi því verið sérkennileg keppni að mörgu leyti.

„Við vögnuðum klukkan sex á morgnana og vorum að koma upp á hótél klukkan átta á kvöldin. Ég var alveg búinn á því,“ segir Kristófer þegar hann horfir til baka.

Forsetinn áhugasamur um iðngreinar

Forseti Íslands bauð þátttakendum Íslands til móttöku á Bessastöðum þegar heim var komið. Úr varð stórskemmtileg og falleg athöfn. Kristófer segir að þetta hafi verið afar skemmtilegt. „Veðrið var dásamlegt og þetta gat eiginlega ekki verið betra. Það er sérstaklega gaman hvað Guðni [Th. Jóhannesson forseti] hefur mikinn áhuga á iðnnámi. Maður finnur alveg þegar menn meina eitthvað – og hann hefur mikinn áhuga á þessu. Hann hefur líka sagt það áður. Það eflir mann bara að fá svona móttökur frá forsetanum,“ útskýrir Kristófer.

Kristófer, sem er 24 ára gamall, hefur unnið samfleytt við pípulagnir frá 16 ára aldri, þótt hann hafi byrjað að grípa í tangirnar eitthvað fyrr. Allan þann tíma hefur hann verið í FIT. Hann er þriðji ættliður pípara í sinni fjölskyldu og vinnur hjá fyrirtækinu Pípulagnir Samúels og Kára ehf. Kári er faðir Kristófers en Samúel, sem stofnaði fyrirtækið og er nýhættur, er afi hans. „Við erum mest að vinna fyrir Hafnarfjarðarbæ. Við sjáum um fasteignir bæjarins,“ segir Kristófer.



Brýn þörf á að byggja við skólann

Heimsókn í Borgarholtsskóla



Nemendur vinna að því að gera upp bifreið nóbelskáldsins Halldórs Laxness. Um er að ræða glæsilegan Jagúar, árgerð 1968. Eins og sjá má á þessum myndum, sem teknar eru af nemendum í bílgreinum, er í mörg horn að líta í náminu.

„Það er alltaf yfirbókað í bílgreinunum hjá okkur - og hefur verið það að minnsta kosti síðustu sex ár - þann tíma sem ég hef verið hér. Við gætum hins vegar vel bætt við okkur nemendum í málmgreinunum. Það mættu til dæmis vera fleiri í rennismíði, blikksmíði og stálsmíði.“ Þetta segir Marín Björk Jónasdóttir, sviðsstjóri iðn- og starfsnáms í Borgarholtsskóla.

FIT heimsótti skólann núna í nóvember og komst að því að húsnaðis-skortur stendur skólanum fyrir þrífum þegar kemur að iðngreinum sem þar eru kenndar. Um 1.200 nemendur stunda nám við Borgarholtsskóla en námsframboðið er afar fjölbreytt. Iðngreinar skipa þar stóran sess. „Af þessum 1.200 nemendum eru 267 nemendur í bílgreinum (bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun og grunnnámi) en 206 á málm- og véltæknibrautum [blikksmíði, málm- og véltæknibraut, pípulögnum, rennismíði, stálsmíði og vélvirkjun],“ segir Marín Björk.



Skarphéðinn Skarphéðinsson, deildarstjóri í pípulögnum.

Glæsileg deild fyrir pípulagnir

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, vígði nú í september nýja pípulagningadeild Borgarholtsskóla. Óhætt er að segja að nýja húsnæðið hafi gjörbylt aðstöðu til pípulagna í skólanum. „Allir birgjar og atvinnulífið hafa tekið okkur opnum örmum og styrkt skólann með miklum velvilja. Staðið við bakið á okkur sem erum að mennta fólk í iðngreinum. Það skiptir öllu máli,“ sagði Ársæll Guðmundsson skólameistari við þetta tilefni.

Skarphéðinn Skarphéðinsson, deildarstjóri í pípulögnum, segir í samtali við FIT að nýja deildin hafi opnað þann möguleika að taka við talsvert fleiri nemendum í pípulögnum. Óhætt sé því að skora á fólk að skrá sig. Nánar verður rætt við Skarphéðin um nýja deild pípulagna í Borgarholtsskóla í Fréttabréfi FIT sem kemur út snemma á næsta ári.



Aðstaða til pípulagninga hefur tekið stakkaskiptum í Borgarholtsskóla.

Ráðherra lofar að byggja við

En betur má ef duga skal. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis er fyrirhuguð í nágrenni skólans og nægir þar að nefna áform í Gufunesi og í Keldnalandi. Ásókn í skólann mun því halda áfram að aukast en Borgarholtsskóla sárvantar aukið rými fyrir aðrar iðngreinar sem skólinn kennir.

Ásmundur Einar sagði við athöfnina í september að frekari uppbygging væri fyrirhuguð. „Þetta er fyrsta skrefið. Ég segi skref því inni í þessum áformum er að stækka Borgarholtsskóla. Við ætlum að greina og hanna það á næsta ári hvernig sú viðbygging á að vera og nota árið 2025 til að framkvæma,“ sagði Ásmundur Einar meðal annars í ræðu sinni. Ljóst er að brýn þörf er á þeirri viðbyggingu og mikilvægt að þessar áætlanir standist.

Mikið líf var í skólanum þegar FIT bar að garði, eins og sjá má á meðfylgjandi myndum, og gaman að sjá efnilega nemendur spreyta sig á þeim verkefnum sem fyrir lágu. FIT færir starfsfólki og nemendum Borgarholtsskóla bestu þakkir fyrir móttökur.





Ánægð með að hafa tekið þessa ákvörðun

„Mér líst bara mjög vel á þetta. Ég er á minni fyrstu önn - byrjaði bara núna í haust,“ segir Rakel Brynjarsdóttir, nemandi í Borgarholtsskóla.

Hún er í grunnnámi bíliðna og er á fyrstu önn, eins og áður segir. Hún segir að námið sé fjölbreytt og að stór hluti þess sé verklegur – það henti henni sérstaklega vel. „Þetta er líka mjög skemmtilegt,“ segir hún.

„Mér líst bara mjög vel á þetta. Ég er á minni fyrstu önn – byrjaði bara núna í haust,“ segir Rakel Brynjarsdóttir, nemandi í Borgarholtsskóla. Hún er í grunnnámi bíliðna og er á fyrstu önn, eins og áður segir. Hún segir að námið sé fjölbreytt og að stór hluti þess sé verklegur – það henti henni sérstaklega vel. „Þetta er líka mjög skemmtilegt,“ segir hún.

Aðspurð hvers vegna hún valdi þetta nám segist hún ekki alveg vita það. Margt hafi komið til greina. Hún hafi haft áhuga á að læra eitthvað verklegt og þar sem hún hafði áhuga á bílum ákvað hún að sækja um. „Ég þekkti engan hérna. Ég ákvað bara að sækja um og er mjög ánægð með að hafa tekið þá ákvörðun.“

Rakel stefnir á að klára að læra til bifvélavirkja og meta stöðuna eftir það. „Þá sé ég bara til hvort ég vilji vinna við þetta eða hvort þetta er nám sem er gott að hafa bara í rassvasanum,“ segir hún að lokum.



Vill eiga sitt eigið verkstæði

„Ég var í MH en þoldi ekki bóklegt nám svo ég ákvað að koma hingað yfir og læra á bíla í staðinn,” segir Askur Ragnarsson, nemandi í bifvélavirkjun við Borgarholtsskóla.

Askur er á sinni annarri önn en hann segir að áhugi hans á bílum hafi kviknað síðastliðið sumar.

„Þetta er virkilega skemmtilegt. Mér finnst fólkið hérna mjög skemmtilegt og námið er spennandi,” segir hann. Lotukerfið hentar honum vel. „Maður er í þrjár vikur í einum áfanga og klárar hann – fer svo bara í þann næsta. Þá getur maður einbeitt sér að því í staðinn fyrir að vera samtímis í sex mismunandi áföngum.”

Spurður hvert hann stefni, að námi loknu, svarar Askur ákveðinn: „Mig langar að fara að vinna á verkstæði og svo vonandi eiga mitt eigið verkstæði einn daginn.”

„Ég stefni langt”

„Ég ætla að klára sveinsprófið og byrja svo að vinna einhvers staðar við bíla,” segir Sölvi Jón Gunnarsson, nemandi á þriðju önn í bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla.

Sölvi segist aðspurður hafa verið í námi um nokkra hríð en hann sé núna á næstsíðustu önninni sinni í bifvélavirkjun. „Ég hef mikinn áhuga á bílum og hef verið að fikta við bíla lengi,” segir hann aðspurður.

Sölvi mælir með þessu námi fyrir alla sem hafa áhuga á bílum. „Þetta er mjög fínt nám. Hér er góð aðstaða og kennararnir eru góðir. Ég mæli með þessu.”

Spurður hvert hann stefni er svarið einfalt: „Ég stefni langt.”





20 ára afmæli fagnað í Laugardal

FIT hélt upp á 20 ára afmæli í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag. Óhætt er að segja að samkoman hafi verið vel heppnuð. Starfsfólk FIT grillaði pylsur fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra auk þess sem boðið var upp á afmælistertu.

Lúðrasveit verkalyðsins og Jónsi (í Svörtum fötum) skemmtu viðstöddum. Leikhópurinn Lotta skemmti yngri gestum auk þess sem Sirkus Íslands mætti á svæðið með djögglara og menn á stultum. Veðrið var með skásta mótí og dagurinn vel heppnaður í alla staði, eins og myndirnar bera með sér. FIT þakkar félagsmönnum innilega fyrir samfylgdina í 20 ár og fyrir að gera afmælishátíðina bæði gleðilega og eftirminnilega.







Framtíðin björt í Höllinni

Tuttugu og þrjár faggreinar tóku þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina, Mín framtíð, sem haldið var í Laugardalshöll 16.-18. mars. Keppendur tókust á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reyndi á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku. Sigurvegarar tryggðu sér margir hverjir þátttökurétt á Euroskills, Evrópumóti iðngreina, og kepptu þar í haust fyrir Íslands hönd.

Á Minni framtíð sýndu nemendur 15 iðn- og verkgreinar. Sýningargreinarnar voru: Blikksmíði, Blómaskreytingar, Garðyrkjuframleiðsla, Skógrækt, Sjúkraliðar, Megatronics, Húsgagnasmíði, Jarðvirkjun, Múraraiðn, Fótaðgerðarfræði, Einka -og styrktarþjálfun, Flugnám - atvinnuflug, Kvikmyndatækni og Hljóðtækni.





Sigurvegargar á Minni framtíð, Íslandsmóti iðngreina 2023:

- **Bakariðn;**
Finnur Guðberg Ívarsson, Bláa Lónið
- **Bifreiðasmíði;**
Sólborg Birta Steinbergsdóttir, Borgarholtsskóli
- **Bílamálun;**
Sara Gígja Geirsdóttir, Borgarholtsskóli
- **Forritun;**
Bjartur Sigurjónsson, Tækniskólinn
- **Grafísk miðlun;**
Olivier Piotr Lis, Tækniskólinn
- **Gull- og silfursmíði;**
Benedikt Axelsson, Tækniskólinn
- **Húsasmíði;**
Van Huy Nguyen, Tækniskólinn
- **Kjötiðn;**
Björn Mikael Karelsson, Hótel og veitingaskólinn
- **Fataiðn;**
Vilborg Magnúsdóttir, Tækniskólinn
- **Málaraiðn;**
Hildur Magnúsd. Eyrúnardóttir, Tækniskólinn
- **Málmsuða;**
Hafþór Karl Barkarson, VMA
- **Múraraíðn;**
Arnar Freyr Guðmundsson, Tækniskólinn
- **Pípulagnir;**
Ezekiel Jakob Hansen, Tækniskólinn (útskrifaður)
- **Rafeindavirkjun;**
Hlynur Karlsson, Tækniskólinn
- **Rafvirkjun;**
Gunnar Guðmundsson, Tækniskólinn
- **Snyrtifræði;**
Kristín Ýr Gísladóttir, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- **Liðakeppni í vefþróun;**
Gabriel Bergmann Friðriksson, Tækniskólinn - Shishir Jayendra Patel, Tækniskólinn - Sebastian Mateusz Lenart, Tækniskólinn
- **Veggfóðrun og dúkalögn;**
Magnús Breki Þórarinnsson, Tækniskólinn
- **Framreiðsla;**
Finnur Gauti Vilhelmsson, VOX Brassarí
- **Hársnyrtiðn;**
Irena Fönn Clemmensen, Verkmennaskólinn á Akureyri



100 félagsmenn fengu sveinsbréf

Ríflega 100 félagsmenn í FIT fengu sveinsbréf sín afhent við hátíðlega athöfn á Hilton hóteli í lok mars en samtals voru þar útskrifaðir 196 nýsveinar. **Hafsteinn Grímsson** bifvélavirki og **Pór Einarsson** pípulagningamaður voru verðlaunaðir fyrir framúrskarandi árangur á sveinsprófi.

Fjöldi nýsveina í FIT, eftir iðngreinum:

Hársnyrtiðn	27
Pípulagnir	21
Bifvélavirkjun	17
Húsasmíði	12
Skrúðgarðyrkja	11
Málaraiðn	6
Vélvirkjun	4
Bifreiðasmíði	2
Húsgagnabólstrun	1





Málaraiðn



Bifvélavirkjun



Háriðn



Framreiðsla



Skrúðgarðyrkja



Húsasmíði



Pípulagnir



Rennismíði



Vélvirkjum



Matreiðsla



Hefur klippt í meira en hálfa öld

„Ég var svolítið strangur kennari og er ekkert allra. Ég get verið hvöss og látið hlutina flakka,“ segir hárgreiðslumeistarin Gréta Ágútsdóttir. Hún var kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði um langt árabil en starfaði ávallt samhliða á hárgreiðslustofu. Þrátt fyrir að hafa klippt í meira en hálfa öld er hún ekki af baki dottin og segist ætla að halda áfram að klippa á meðan hún nýtur þess.

Gréta byrjaði að læra hárgreiðslu árið 1967, þegar hún bjó á Ísafirði. Hún flutti til Reykjavíkur árið eftir og tók þriðja bekkinn í Iðnskólanum í Reykjavík. Hún vann fyrsta áratuginn eftir útskrift á hárgreiðslustofunni Venus en færði sig árið 1982 yfir á Spörtu. Hún rak svo hárgreiðslustofuna Kamb með vinkonu sinni allt til ársins 1990. „Það var svo árið 1991 sem ég fór að kenna í Iðnskólanum í Hafnarfirði – sem í dag heitir Tækniskólinn. Þar kenndi ég og var deildarstjóri allar götur til ársins 2016,“ útskýrir Gréta. Hún var ekki sátt við sameininguna við Tækniskólann og lét þá af störfum.

Þrátt fyrir að vera kennari í fullu starfi klippti Gréta alltaf samhliða kennslunni. „Ég hef alla tíð unnið við hárgreiðslu samhliða kennslu – á hverjum einasta degi. Ég kenndi fram eftir degi og fór svo að klippa klukkan fimm. Stundum var sett út á að ég væri að klippa en ég svaraði því einfaldlega til að þetta væri mín endurmenntun. Þannig viðhélt ég þekkingu minni og ég fann að krakkarnir treystu mér betur fyrir vikið. Þeir fengu ef til vill öryggi fyrir því að ég væri með puttann á púlslinum.“

Hárgreiðslan er hugsjón

Brennandi áhugi á hárgreiðslu og mikil þjónustulund hefur alltaf einkennt Grétu, sem er 73 ára gömul. Hún klippir í dag á þriðjudögum og miðvikudögum á hárgreiðslustofunni Corner í Bæjarlind í Kópavogi og nýtur þess mjög. Þar klippir hún eingöngu fastakúnna. „Ég vinn frá átta á morgnana til stundum sjö á kvöldin,“ segir hún glaðbeitt. „Ég fæ stundum að heyra að fólk skilur ekki hvaðan ég fæ þessa orku. Ég er stundum spurð hvað ég ætli að standa í þessu lengi. Þeirri spurningu svara ég iðulega þannig að ég ætla að klippa eins lengi og ég get. Ég hef enn þá brennandi áhuga á þessu fagi.“

Þrátt fyrir að hafa sagt skilið við Iðnskólann árið 2016 hefur hún alls ekki látið af kennslu. Allar götur síðan hefur hún kennt undirbúningsnámskeið sem FIT stendur fyrir vegna sveinsprófa í hársnyrtiiðn. Óhætt er að segja að nemendur fái þar fyrsta flokks þjálfun, enda er leitun að reynslumeiri kennara í hársnyrtingu. Á námskeiðum FIT eru með henni Andri Guðmundsson á Klipphúsinu, sem sér alfarið um herraklippingarnar, og Sigurlaug Ingvarsdóttir, dóttir hennar.

Þess utan hefur hún hjálpað nokkrum einstaklingum að taka sveinspróf í kjölfar raunfærnimats. Hún segir það mjög mikilvægt fyrir fagið að þeir sem vinna við það hafi lokið námi. „Ég geri þetta fyrir félagið líka – það er mikilvægt að þessir krakkar klári námið sitt. Við viljum hafa fólk í þessari grein sem er með full réttindi.“

”

Ég er stundum spurð hvað ég ætli að standa í þessu lengi. Þeirri spurningu svara ég iðulega þannig að ég ætla að klippa eins lengi og ég get. Ég hef ennþá brennandi áhuga á þessu fagi.”

Herraklippingin sígild

Spurð hvað hafi breyst í hárgreiðslu í árána rás segir Gréta að öll efni hafi breyst mikið. Hún segir líka að áður fyrr hafi mikið verið um lagningar og uppgreiðslur. Þá hafi konur gjarnan komið vikulega í hárgreiðslu. Nú sé sitt hár í tísku hjá ungum konum og þá er hárið klippt mjög sjaldan. „Ég kalla þetta stundum ríkisklippingu. Þegar krakkar fara í sveinspróf í dag fá þeir það verkefni að klippa neðan af hárinu og svo bara upp í styttnar. Þetta er mjög einfalt og þess vegna er það prófað,“ segir hún.



Gréta hefur ástríðu fyrir faginu.

Í dag er líka fátítt að konur komi í blástur, eins og var áberandi hér áður fyrr. „Í dag er lítið blásið á stofum. Það getur verið sumpart vegna þess að fólk á sléttujárn heima hjá sér og góða blásara. Við eigum samt fullt af flottum fagmönnum í dag sem eru frábærir í blæstri. Þetta er mikil kúnnst,“ segir hún. Herraklippingin hefur staðist tímans tönn, að mati Grétu, þrátt fyrir að blæbrigðamunur sé á klippingunum á hverju tímabili.

Mistök að sameina fögin

Gréta er þeirrar skoðunar að nemendur ættu að fá að velja um að læra hárgreiðslu annars vegar og hárskerann hins vegar. Hún segir það hafa verið mistök að sameina þessar greinar. „Mér finnst það hafa verið vitleysa að sameina rakara og hárgreiðslu – þetta hefði átt að vera áfram hvort í sínu lagi. Mér finnst að nemendur ættu að taka grunninn í skólanum og velja svo hvora leiðina þeir vilja fara. Þeir munu hvort eð er velja annað hvort á endanum, þegar þeir fara á stofur,“ segir Gréta. Hún segir að tæknin í þessum tveimur greinum sé mjög ólík og að flestir sérhæfi sig í öðru hvoru. Oft liggja áhugi nemenda annað hvort á hárskurði eða hárgreiðslu. Fæstir séu mjög færir í hvoru tveggja. Þannig segir Gréta – þrátt fyrir alla sína reynslu – að hún sé ekki nógu góð til að kenna hárskerann. Hún hafi haft góðan kennara með sér í Iðnskólanum, til að kenna hárskerann.

„Ég byrjaði að kenna hárskerann þegar ég fór að kenna í Iðnskólanum en ég fann strax að ég væri ekki nógu mikill fagmaður til að geta kennt það. Ég er hárgreiðslumenntuð,“ segir hún ákveðin en auðmjúk. „Maður kann ekki allt og maður á ekki að þykjast kunna allt,“ áréttar hún.

Hárgreiðsla á Íslandi stendur vel að mati Grétu. Íslendingar eigi stóran hóp af sterkum fagmönnum. Hún bendir á að stofurnar eigi margar hverjar erfitt með að fá fólk í vinnu, eftirspurn eftir fólki með þessa menntun sé mikil. „Ég sé nánast daglega auglýsingar þar sem óskað er eftir fólki með menntun,“ segir hún.



Andri Guðmundsson ásamt mæðgunum Grétu Ágústsdóttur og Sigurlaugu Ingvarsdóttur. Saman búa þau nemendur undir sveinspróf.

Samböndin standa upp úr

Grétu þykir sérstaklega vænt um þau sambönd sem hún hefur átt og ræktað við marga af fyrrverandi nemendum sínum. „Margir af mínum gömlu nemendum heilsa mér og faðma þegar þeir hitta mig. Mér þykir ákaflega vænt um það. Ég segi stundum við þá að þegar þeir verða þess áskynja að ég sé hætt að fylgjast með og hætt að vilja læra nýja hluti þá eigi þeir að pikka í öxlina á mér og segja mér að nú sé kominn tími til að hætta. En sá tími er sem betur fer ekki kominn,” segir hún og hlær.

Hún viðurkennir þó hiklaust að hún hafi ekki verið allra – enginn geti verið allra. Hún hafi á stundum verið hvöss og látið hluti flakka sem ef til vill væru ekki vel séðir í dag, það hafi hún fengið að heyra undanfarin ár.

„Á mínum tíma voru fjórir skólameistarar í Iðnskólanum. Einn þeirra sagði að ég væri alltof mikið að dekra við krakkana. Ég var alltaf þeirra megin. Þegar ég byrjaði að kenna hugsaði ég um hvernig ég vildi að kennari kæmi fram við börnin mín. Seinna meir hugsaði ég svo til barnabarnanna,” segir hún og hlær áður en hún rifjar upp minnistætt atvik úr Iðnskólanum sem kenndi henni mikið. „Ég var einu sinni að skammast yfir því að einhverjir nemendurnir áttu ekki bókina sem verið var að kenna. Einhverjir sögðust ekki hafa efni á bókinni og ég spurði á móti hvort þau ættu ekki foreldra. Einn nemandinn brást reiður við og benti mér á að það væru ekki allir svo heppnir að eiga foreldra sem gætu lagt þeim lið fjárhagslega. Ég hafði gott af þessu og sá að mér. Þetta kenndi mér að maður getur ekki gefið sér að allir búi við sambærilegar aðstæður.“

Krefjandi að vera kennari

Eins og fyrr segir eru það mannlegu samskiptin sem standa upp úr þegar Gréta horfir til baka yfir kennsluferilinn. Hún segir að

forlögin hafi hagað því þannig að margir af hennar nemendum hafi orðið fyrir stórum áföllum í lífinu; orðið fyrir slysum eða jafnvel látist, þeir voru hjá henni í námi. Margir hafi misst foreldri eða aðra nákomna ættingja. Hún segir að þær aðstæður hafi stundum reynt verulega á. „Ég var oftast ein að kljást við þetta með þessum nemendum. Þetta gat verið mjög erfitt og tekið toll. Það getur verið svakalega erfitt að takast á við þetta og þurfa að greina bekknum frá svona áföllum. Ég fékk einu sinni prest til að hjálpa mér,” rifjar hún upp.

”

Margir af mínum gömlu nemendum heilsa mér og faðma þegar þeir hitta mig. Mér þykir ákaflega vænt um það.”

Hún bendir á að stór partur af því að vera kennari sé að hugsa um hag nemenda og hjálpa þeim að takast á við erfiðar aðstæður sem lífið bjóði stundum upp á. Í dag séu náms- og félagsráðgjafar gjarnan til stuðnings í svona málum en hún bendir á að slíkur stuðningur hafi ekki verið til staðar hér áður fyrr. „En fyrir vikið á ég í mjög góðu sambandi við marga af mínum fyrrverandi nemendum,” segir hún að lokum.

**Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla- og
nýárskveðjur.**





Skólameistarinn lék á fiðlu

„Það er einn besti hluti starfsins - að sjá nemendur uppskera,“ segir Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans, í samtali við FIT. Hildur gerði sér lítið fyrir á sýningu sveinsprófsstykkja í múrverki í vor, og lék á fiðlu fyrir nemendur og aðra gesti sýningarinnar. Hún spilaði þar með Arnari Frey Guðmundssyni, harmonikkuleikara og nýkrýndum Íslandsmeistara í múrverki.

Hildur lærði á fiðlu sem barn, eða þar til hún var 17 ára gömul. Hún segir að mikil músík sé í fjölskyldunni hennar og dætur hennar hafa lært á strengjahljóðfæri, svo eitthvað sé nefnt. „Faðir minn glímir við heilabilun og það sem situr best eftir hjá honum er músíkin. Ég hef þannig haldið mér ágætlega við í gegn um árin, með því að spila m.a. með dætrum mínum og pabba en ég hef lítið stigið á stökk,“ útskýrir hún.



Sýningin var afar vel heppnuð. Hér að neðan má sjá nokkra nemendur við sveinsstykkin sín.



Spurð hvernig þetta hafi komið til svarar Hildur því til að Þráinn Óskarsson kennari hafi haft samband við hana og sagt henni að múrarar ætluðu að halda slútt. Hann hafi spurt hvort hún vildi ekki mæta. „Ég spurði hann þá hvort harmonikkuleikarinn myndi mæta með nikkuna. Það stóð til svo ég ákvað að taka fiðluna með,“ útskýrir hún en bætir við að fáir innan veggja skólans hafi vitað að hún kynni á fiðlu. „Þetta var virkilega skemmtilegt enda er Arnar Freyr flinkur á nikkuna. Ég hef aldrei spilað með honum og var að spila sum þessara laga í fyrsta sinn,“ segir hún og hlær.

Hildur segir að það sé afar gefandi að mæta á útskriftir og sýningar nemenda eða með öðrum hætti upplifa að þeir séu að taka framförum, auka hæfni sína eða ná markmiðum sínum. „Svona eftirmiðdagur, á föstudegi, eftir langa viku við skrifborðið, er frábær og gleðilegur endir á vinnuvikunni,“ segir hún að lokum og bætir við að hún vonist til að viðburðir sem þessir verði að hefð hjá deildinni.



Týndur í tuttugu ár

Björn Guðmundsson, bifvélavirki fékk viðurkenningu frá FIT fyrir bestan árangur á sveinsprófi, þegar hann útskrifaðist árið 2004.

Hann fékk forlata fastan lykil merktan með nafni og útskriftarári.

Tveimur mánuðum eftir útskrift var lyklinum stolið og Björn átti ekki von á að sjá hann aftur.

Björn varð því bæði glaður og hissa þegar hringt var í hann frá skrifstofu FIT og honum tilkynnt að lykillinn væri kominn í leitirnar.

Hann hafði fundist á víðavangi og finnandi ætlaði sér að koma gripnum til FIT en lykillinn dagaði uppi í geymslu þar til honum var skilað í byrjun nóvember.



Lærði múrverk í skugga áfalla

„Ég er svolítið gömul og tók þetta bara eins og lífið bauð mér upp á,” segir Anna Hildur Jónsdóttir múrari. Anna lauk námi í Tækniskólanum í vor og þreytti sveinspróf í múraraíðn. Sveinsstykkin voru sýnd í Byggingatækniskólanum á Skeljanesi í maí, þar sem FIT var á staðnum og tók myndir.



Lífið tekur stundum óvænta stefnu en það má með sannni segja um síðustu ár í lífi Önnu. Hún er með réttindi sem einkaþjálfari en segist sjálf hafa misst áhugann á að „plokka peninga af fólki fyrir ekki meiri vinnu.“ Hugurinn hafi því leitað á önnur mið. „Ég eignaðist barn árið 2013 og var komin á fullt í heimilisþríf – stundum með krakkana með mér,” segir hún í samtali við FIT.

Sá rekstur vatt hratt upp á sig; hún stofnaði hreingerninga-fyrirtæki og var komin með fólk í vinnu. Með henni í þrífum var Magnús Sigurðsson múrari og vinur hennar. Samvinna þeirra þróaðist með þeim hætti að þau hjálpuðu hvort öðru á víxl, Anna í múrverki og Magnús í þrífum, eftir því sem verkefnastaðan krafðist. „Mér fannst þetta bara skemmtilegt en ég viðurkenni að það var stundum erfitt að vera með ungur konur í vinnu,” segir hún hreinskilinn. Það var þannig sem það vildi til að hún fór að múra á fullu með Magnúsi og sagði skilið við hreingerningar.

Anna byrjaði í námi í Tækniskólanum árið 2018 og tók þá þrjú eða fjögur bókleg fög. Hún dúxaði meðal annars í áfanga sem hún hefði með réttu átt að taka á þriðju önn. Sá árangur blés henni byr undir báða vængi.

Bróðir hennar hvarf sporlaust

En það var þá sem ógæfan knúði dyra. Fregnir bárust af því að bróðir hennar, Jón Þröstur Jónsson, hefði horfið sporlaust á Írlandi, eftir að hafa tekið þátt í póker móti. Leit að Jóni, sem hvarf þann 9. febrúar 2019, hefur enn engan árangur borið. Anna gerði hlé á námi sínu og dvaldi á Írlandi í nokkra mánuði til að freista þess að finna bróður sinn. Allt kom fyrir ekki. Hún segir að enn séu ekki öll kurl komin til grafar og vonast til að Jón Þröstur finnist, áður en langt um líður. Það sé mikilvægt fyrir fjölskylduna að flytja hann heim.

„Það er gaman að segja frá því að mín fyrsta flísalögn var með bróður mínum. Hann hjálpaði mér – pro bono,” rifjar hún upp.

Múrverkið vindur upp á sig

Pegar Anna sneri aftur heim til Íslands hélt hún áfram að læra til múrara – á sínum hraða. Hún útskrifaðist sem fyrr segir í vor og hefur nóg fyrir stafni. „Það er brjáláð að gera,” segir hún um stöðu mála í dag. Hún fæst aðallega við flísalagnir en hefur líka verið að steypa gangstéttir í Hafnarfjarðarbæ. „Ég er góð í að flísaleggja og finnst það gaman. Þetta getur samt verið andlega krefjandi.

Maður er oftast síðasta manneskjan út og tekur þetta með sér heim, í kollinum,” útskýrir hún og tekur fram að fólk geti illa án baðherbergis verið í marga daga. Hún sé þess vegna oft í kapphlaupi við tímann.

Nú er svo komið að Anna er að stofna sitt eigið fyrirtæki. „Ég hef verið að bíða eftir tækifæri til að stofna fyrirtæki og fékk núna tækifæri á að kaupa félag sem ég þurfti ekki að borga mikið fyrir. Ég fór svo að flísaleggja fyrir bókara og þar með var ég komin með góða manneskju í það hlutverk, einhvern sem kennir mér hvað má og hvað má ekki. Lífið hendir þessu öllu upp í hendurnar á mér,” segir hún einlæg.

Fjölbreytileikinn heillandi

Anna, sem er rúmlega fertug, er mjög ánægð með námið en segir að líf freynslan hafi létt henni lærdóminn. Margt af því sem var kennt hafi hún skilið vel og kannski betur en sumir samnemendur hennar sem voru flestir um tvítugt. „Það er öðruvísi að koma inn í þetta nám með reynslu en þetta var mjög lærdómsríkt og skemmtilegt,” áréttar hún. Anna segir aðspurð að fjölbreytileikinn sé það sem sé skemmtilegast við múrverkið. „Maður er ekki bara að múra heldur líka stilla niðurföll, færa til pípu- eða raflagnir eða setja þröskulda. Þau eru mjög fjölbreytt, verkefnið sem fylgja þessu,” segir hún að lokum.



Metfjöldi nýsveina

Metfjöldi nýsveina tók við sveinsbréfum sínum við hátíðlega athöfn á Hótel Nordica í haust. Útskriftarhópurinn var einstaklega fjölmennur, samtals 145, en alls útskrifuðust nýsveinar úr þrettán iðngreinum. Á meðal þeirra sem hlutu verðlaun fyrir að vera hæstir á prófum voru **Víðir Kári Vignisson** í múraraíðn, **Mikael Magnús Daðason** í málaraíðn, **Aníta Björk Jóhannsd.** **Randíardóttir** í pípulögnum og **Orri Bergmann Valtýsson** í húsasmíði. Allt er þetta ungt og bráðefnilegt félagsfólk í FIT.





Bakaraíðn



Bífreðasmíði



Blikksmíði



Framreiðsla



Kjötiðn



Matreiðsla



Múraraíðn



Húsgagnasmíði



Pípulagnir



Húsasmíði



Húsasmíði



Málaraíðn

”

Vona að ég geti verið fyrirmynd”

Eins og fram kemur hér fyrr í blaðinu var Aníta Björk Jóhannesd. Randíardóttir verðlaunuð fyrir að vera hæst á sveinsprófi í pípulögnum þegar 145 sveinar tóku við sveinsbréfum sínum á Hótel Nordica í haust. Aníta var jafnframt verðlaunuð við útskrift skólans fyrir besta námsárangurinn.



Aníta var á göngu í Katmandu þegar FIT hafði samband við hana í aðdraganda útgáfu blaðsins. Óhætt er að segja að þar fari ævintýramanneskja enda segist hún sjálf hafa fengist við ýmislegt og að lífið hafi dregið hana í alls kyns áttir. „Ég ólst upp á Ísafirði og eftir menntaskóla flutti ég til Reykjavíkur og fór í háskólanám í þjóð- og kynjafræði. Ég fann að lífið í borginni hentaði mér vel, þar prufaði ég að vinna á veitingastað og síðar kaffihúsi og naut þess á milli vakta að hanga á öðrum kaffihúsum, fara í sund og hitta vini.“ Hún ákvað þó eitt sumarið að skipta um gír. „Ég ákvað sækja um vinnu í Skaftafelli í Vatnajökulsþjóðgarði og þá var ekki aftur snúið – náttúran átti hug minn allan. Ég vann þar í þrjú sumur í kaffiteríu og tók svo landvarðaréttindin og starfaði þar eitt sumar sem landvörður, áður en ég færði mig í Dyrhólaey og svo í Kerlingarfjöll. Sem landvörður fann ég hvernig líkamleg vinna átti vel við mig,” segir hún.

Það var að sögn á ferðalagi um Nepal og Indónesíu veturinn 2019 til 2020 sem Aníta fékk þá hugmynd að fara í iðnnám. „Það fyrsta sem mér datt í hug voru pípulagnir en ég ákvað þó að skoða allar greinarnar. Að lokum hélt ég mig við pípurnar og hugsaði með mér að ég myndi allavega ekki tapa neinu á því að prufa. Svo endaði þetta á að vera hinn fullkomni tími til að fara í nám því um leið og ég kom heim úr ferðalaginu, með nánast ekkert plan um framtíðina, skall heimsfaraldurinn á.“

Fjölbreytileikinn er kostur

Hún segir að helsti kosturinn við pípulagnir sé hversu fjölbreytt starfið er. Nýjar áskoranir komi fram nánast daglega og til að hægt sé að halda áfram með verkin þurfi að finna út úr hlutunum. „Í það fer kannski mikil hugsun og svo jafn mikil líkamleg vinna, en mér finnst mjög gaman hvernig þetta tvennt tvinnast saman,” útskýrir hún.


Aníta lærði pípulagnir í Tækniskólanum og segir aðspurð að henni hafi ekki fundist námið upp á marga fiska, eins og hún orðar það. „Bækurnar voru mikið til úreltar og áfangarnir oft endurtekningar úr öðrum áföngum. Kennararnir voru hins vegar alveg frábærir og voru duglegir að sýna okkur ítarefni sem þeir höfðu sankað að sér – upplýsingar sem koma mér að góðum notum í dag,” segir hún þegar hún lítur til baka. Hún stefnir á að halda áfram að mennta sig. „Mig langar að læra meira og stefni á að skrá mig í Byggingariðnfræði við HR. Fyrst ætla ég samt að næla mér í meiri reynslu á vinnumarkaðnum,” segir hún, en Aníta starfar hjá Verkgröðum.

Skökk hlutföll kynja

Kynjahlutföllin í pípulögnum hölluðu að sögn Anítu töluvert á konur í náminu. Hún segist gjarnan vilja sjá breytingu þar á. „Ég er nú ekki með tölurnar alveg á hreinu en við vorum 3-4 konur, af líklega 70 manns. Ég væri gjarnan til í að sjá fleiri konur og kvár í iðngreinum, og vona ég að ég geti verið fyrirmynd fyrir einhvern. Ég held að sýnileiki kvenna og kvára í námi og starfi gæti verið helsta hvatningin. Það myndi breyta svo miklu ef kynjahlutföllin myndu jafnast aðeins.“



Laun og launaþróun

Samantekt unnin fyrir FIT af hagdeild ASÍ, úr gögnum frá Hagstofu Íslands.



Meðallaun á almennum og opinberum markaði á árinu 2022
Fullvinnandi.


Laun iðnaðarmanna árið 2022 Fullvinnandi á almennum vinnumarkaði.



Hreint tímakaup iðnaðarmanna e. störfum
Meðaltal ársins 2022 og framreikningur mv. launavísitölu iðnaðarmanna til júlí 2023. Mánuðurinn 160 klst.


Meðaltal heildarlauna 2022 e. störfum

Mánaðarlaun í þúsundum króna



Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna e. störfum



Meðaltal ársins 2022 og framreikningur mv. launavísitölu iðnaðarmanna til júlí 2023. Mánuðurinn 160 klst.



Hreint tímakaup iðnaðarmanna e. störfum

Meðaltal ársins 2022
og framreikningur
mv. launavísitölu
iðnaðarmanna
til júlí 2023.

Mánuðurinn 173,33 klst.





Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna e. störfum

Meðaltal ársins 2022
og framreikningur
mv. launavísitölu
iðnaðarmanna til júlí 2023.
Mánuðurinn 173,33 klst.

Greiddar stundir á mánuði


Fullvinnandi iðnaðarmenn á
almennum vinnumarkaði
2021 og 2022.






Meðal vinnutími á mánuði árið 2022 e. störfum
Mánuðurinn 160 klst.

Meðal vinnutími á mánuði árið 2022 e. störfum
Mánuðurinn 173,33 klst.



Launavísitala e. starfstétt á almennum vinnumarkaði
Janúar 2015 - júlí 2023..



Kjarakönnun FIT 2023


Kjarakönnun FIT var lögð fyrir félagsmenn á haustdögum. Hún var gerð til að fylgjast með þróun mála hjá félagsfólki, kanna hvort launahækkanir hafi skilað sér og til að kynnst hvaða áherslur félagsfólk vill fara með inn í þær kjaraviðræður sem fram undan eru. Þátttaka var með besta móti og ljóst á svörum að ánægja vex með félagið en jafnframt að hugur er í félagsfólki hvað komandi kjaraviðræður varðar.

Fimm vinningshafar voru dregnir út eftir að hafa tekið þátt í launakönnuninni. Tveir þátttakendur unnu helgardvöl að eigin vali í orlofshúsum FIT, utan orlofstímabils. Þrír þátttakendur unnu 30 þúsund króna ferðaávisun, sem hægt er að nota til að kaupa gistingu á hótelum og gistiheimilum um land allt. FIT þakkar félagsmönnum fyrir frábærar viðtökur við könnuninni og óskar eftirfarandi þátttakendum til hamingju með vinningana.


Vinningshafar:

- 1. vinningur** - helgardvöl í orlofshúsi - Vinningshafi: **Gunnar Þór Reykdal**
- 2. vinningur** - helgardvöl í orlofshúsi - Vinningshafi: **Jóna Valdís Sveinsdóttir**
- 3. vinningur** - Ferðaávisun (30.000 kr.) - Vinningshafi: **Erlandas Baskys**
- 4. vinningur** - Ferðaávisun (30.000 kr.) - Vinningshafi: **Sævar Jóhannsson**
- 5. vinningur** - Ferðaávisun (30.000 kr.) - Vinningshafi: **Tomasz Konrad Kolodziejczyk**


Á hvaða aldri ert þú?




Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?



Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?




Ertu á mánaðarkaupi eða dagvinnulaunum?




Hver er dagvinnutaxtinn þinn?

Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bílgreinar




Hver er dagvinnutaxtinn þinn?

Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar




Hver er dagvinnutaxtinn þinn?


Meðaltal dagvinnutaxta fyrir málm-, véltækni og framleiðslugreinar




Hver er staða þín á vinnumarkaði?




Býrðu í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?




Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?




Hvaðan færðu helstu upplýsingar um starfsemi og þjónustu FIT?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?




Á hvað viltu leggja mesta áherslu í komandi kjaraviðræðum?




Hversu mikla eða litla áherslu telur þú að leggja eigi á eftirfarandi þætti ef samið verður við ríkisstjórn um velferðarmál?




Pegar kjarasamningar verða endurnýjaðir, hver á samningstíminn að vera?



Ef samningar takast ekki, ert þú tilbúin(n) til þess að fara í verkfall?



Hvað finnst þér að ætti að leggja mesta áherslu á varðandi styttingu vinnuviku og betri líðan í vinnu?





Heldrimannaferð

Söngur og gleði á ferð um Suðurland

Félag iðn- og tæknigreina fór í sína árlegu ferð með „heldri félagsmenn“ föstudaginn 8. september. Félagar frá Akranesi og Reykjanesi voru sóttir klukkan 9.00 og síðan farið á tveimur rútum frá Árbæjar-safni klukkan 10.00. Ekið var sem leið lá austur fyrir fjall og félagar teknir upp í Hveragerði og á Selfossi. Þátttakendur urðu alls 86 en auk þess voru í ferðinni formaður félagsins Hilmar Harðarson, Rúnar Hreinsson, ljósmyndari og fararstjórnarnir Gunnar Halldór Gunnarsson og Ólafur Sævar Magnússon.

Fjölbrautarskólinn heimsóttur

Fyrsti áfangastaður ferðarinnar var Fjölbrautaskóli Suðurlands en þar tóku á móti okkur Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari og nokkrir kennarar skólans. Hópurinn heim-sótti kennsluhúsnæðið Hamar þar sem kennsla í húsasmíði, málsmíði, raf- og bifvéla-virkjun fer fram. Menn voru ánægðir með heimsóknina og höfðu orð á því hversu mikil breyting hefur orðið frá því þeir fengu kennslu í sinni iðn.

Brostið í söng á Riverside

Fyrsta altarisganga ferðarinnar fór fram á planinu fyrir utan Hótel Selfoss en þar bættust við tveir sögumenn. Eftir altarisgönguna var snæddur hádegismatur á veitingastað hótelsins, Riverside Restaurant. Samkvæmt venju var sunnudags lambalæri með öllu og einnig kaffi og desert á eftir. Þar brustu menn í söng við undirleik harmonikkuspils Konráðs Óla Fjeldsted.

Leiðsögumennirnir Valdemar Bragason og Magnús J. Magnússon fræddu okkur um Árborgarsvæðið og sögðu okkur skemmtilegar sögur um menn og málefni svæðisins. Eftir matinn fóru þeir með okkur í gönguferð um nýja miðbæinn á Selfossi og sögðu okkur sögu húsanna á staðnum. Á torginu í miðbæ Selfoss var stoppað fyrir hópmyndatöku.

Eftir heimsóknina í miðbæinn var ekið í suðurátt í gegnum Tjarnarbyggð og Stokkseyri og áfram voru okkur sagðar sögur og við fræddir um þessa staði. Næsta stopp var við Knarrarósvita en hann er 26 metra hár, byggður árið 1939 og var lengi vel hæsta bygging á svæðinu. Þar var hópurinn tekinn til altaris í síðasta skipti í þessari ferð.

Borðin svignuðu undan veitingunum

Síðan lá leiðin í Félagsheimilið Félagslund. Þar tók á móti okkur Ósk Unnarsdóttir formaður og fleiri konur frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps. Ósk sagði okkur frá starfsemi kvenfélagsins og bauð síðan hópnum upp á kaffi og veitingar. Það er óhætt að segja að borðin hafi svignað undan heima-löguðum veitingum frá kvenfélaginu. Allir voru sammála um að þeir hefðu ekki komist í girnilegra kaffiboð lengi. Þar gafst mönnum einnig tími til að ræða málin og segja sögur og brandarar flugu á milli manna. Síðan var haldið heim á leið og áfram sögðu leiðsögumennirnir okkur skemmtilegar sögur af svæðinu.

Heimferðin gekk vel með viðkomu á Selfossi, Hveragerði, Reykjavík, Reykjanesbæ og Akranesi. Það voru þreyttir og ánægðir iðnaðarmenn sem komu til síns heima um kvöldið og allir auðvitað harðákveðnir í að mæta í næstu ferð að ári.



„Ég nota sjóðfélagavefinn
til að fylgjast með að
iðgjöldin skili sér til Birtu“